

# Aðstoð óskast!

Íðorðapistlar hafa verið ritaðir reglulega frá árinu 1990. Í þessum pistlum hefur oft verið óskað eftir aðstoð lesenda Læknablaðsins við úrlausn íð-orðaverkefna. Pistlarnir eiga að vera vettvangur umræðu um íslensk orð og heiti í fræðimáli lækna og því eru skoðanir, gagnrýni og tillögur annarra en pistlahöfundar afar mikils virði. Verkefni skortir ekki, en oft mættu formleg andsvör lækna og annarra, sem málið varðar, vera fleiri. Með þessu er ekki verið að vanþakka þær athugasemdir og tillögur sem varpað er fram á óformlegan hátt við undirritaðan á förnum vegi, heldur er verið að biðja um rökstudda gagnrýni á þær tillögur, sem settar eru fram í pistlunum, og eins um aðrar hugmyndir eða önnur sjónarmið eftir því sem við á.

Í þessum pistli og þeim næsta er ætlunin að draga saman á einn stað þær beiðnir um aðstoð og tillögur að úrlausnum, sem settar hafa verið fram með beinum hætti í síðustu pistlum. Samantekt af svipuðum toga var síðast gerð í 159. pistli. Lesendur eru nú eindregið hvattir til að senda undirrituðum athugasemdir sínar um eitt eða fleiri af þessum heitum.

## Cerclage

Í 187. pistli var lýst eftir íslensku heiti á **cerclage**, bandi sem hnýtt er umhverfis legháls til að koma í veg fyrir fósturlát við leghálsbilun. Í 190. og 192. pistli voru birtar mögulegar lausnir: **hringband**, **hringsaumur**, **leghálsband**, **leghálshaft**, **leghálsaumur** og **loksaumur**. Síðar kom í ljós að sama heiti er notað um vír sem hringaður er um bein sem festa þarf saman. Um hann mætti nota fyrstu tvö heitin.

## Isolate

Í 187. og 191. pistli var fjallað um heitið **human isolate**, örverustofn sem einangraður hefði verið úr sýni frá manni eða mönnum. Heitið er reyndar einnig notað í mannfræði um þýði (hóp manna) sem hefur einangrast algerlega. Til lausnar á upphaflega verkefninu var stungið upp á heitunum: **einangur frá mönnum** eða **einangur úr mönnum**. Einnig kom fram tillagan: **einangi úr mönnum**.

## Diverticulosis

Íðorðasafn lækna geymir heitið **sarpsjúkdómur**. Um er að ræða slímhúðarklædda poka sem skaga frá holi líffæris (oftast garnar) út í gegnum vöðva-vegginn. Í 190. pistli var stungið upp á heitunum **seksjúkdómur** eða **sekkjasjúkdómur**.

## Endovascular coil

Í 189. pistli kom fram að **æðagúl** (aneurysma) má loka með því að þræða æðalegg að gúlnum eftir viðkomandi æðum og koma síðan fyrir hringuðum vír sem fyllir upp í hol gúlsins. Hinn hringaði vír, eða vírspólan, nefnist **endovascular coil**. Stungið var upp á íslenska heitinu **innæðahnoðri**.

## Epidermal peel

Þetta heiti er notað um fegrunaraðgerð á yfirborði andlitshúðar, sem felst í því að fjarlægja eitt eða fleiri af ystu lögum húðþekju (epidermis). Almenna heitið getur verið **húðþekjuflýsjun**, en í 188. pistli var stungið upp á íslenska heitinu **efnaflýsjun**, þegar aðferðin byggist á því að flýsja með því að nota efni sem borið er á húðina.

## Incontinencia

Þetta latneska heiti vísar til þess að ekki sé stjórn á seytingu eða losun, svo sem að þvag eða hægðir leki ósjálfrátt. Íðorðasafnið birtir heitið **lausheldni**. *Ósjálfráð tæming til baks og kviðar*. Í 187. pistli bað undirritaður um aðstoð við að finna betra heiti.

## Targeted therapy

Þetta heiti var rætt í 184. og 185. pistli. Það er einkum notað í krabbameinslækningum og vísar til þess að notað sé lyf eða önnur meðferð sem beinist sérhæft að ferli eða jafnvel tiltekinni sameind, til dæmis viðtaka, í efnaskiptum, þróun eða vexti æxla. Fram voru settar tillögurnar: **markviss meðferð**, **marksækin meðferð** og **hnituð meðferð**.

## Honeycomb lung

Þetta enska heiti er lýsandi um tiltekið útlit sjúkra lungna á röntgenmynd, geislaglærar útvíkkunar, holrými eða blóðrur í lungnavef. Íðorðasafn lækna geymir heitið **býkúpulunga**, en sennilega hefur það ekki sömu myndrænu tilvísunina í hugum Íslendinga og annarra þjóða. Í 183. pistli voru settar fram tillögurnar: **froðulunga**, **gatasigtislunga**, **loftbólulunga**, **netlunga**, **sápukúlulunga**.

## Embolisation

Í 182. pistli var leitað eftir almennu heiti á aðgerð sem lokar lungnaæð með því að í henni er komið fyrir sérhönnuðum tappa. Stungið var upp á heitinu: **æðarstíflun**. Rétt er að minna á að ferill eða atburðarás stíflumyndunar nefnist **embolism** eða **blóðrek** og **embolus** eða **blóðreki** það sem þá berst með blóðrásinni.



Jóhann Heiðar  
Jóhannsson

[johannahj@landspitali.is](mailto:johannahj@landspitali.is)

Jóhann Heiðar er læknir  
á Landspítala Hringbraut.